

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag Vestmannaeyja FES Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	19.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Ísfélag Vestmannaeyja FES	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Strandvegi 29	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660169-1219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Páll Scheving	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Björgvin Björgvinsson	Staðsetning	436690,981 326978,971

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi en tvö eldri frávik frá kröfum í starfsleyfi eru enn opin.

Ábending til rekstraraðila var gerð um að merkja geyma og lagnir með fastanúmerum svo betra sé að halda skikki á mælingum og gögnum sem um þá berast.

Bent er á að nýta frávikaskráningar við þjálfun starfsmanna og læra af óhöppum og „nærri því óhöppum“.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja hf. í Vestmannaeyjum (FES), Páll Scheving, og Björgvin Björgvinsson voru fulltrúar rekstraraðila en Gottskálk Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja FES er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 27.8.2014 en gerðar voru breytingar á nokkrum ákvæðum starfsleyfisins í mars 2020 og gildir það til 27. ágúst 2030. Helstu breytingar eru að starfsleyfið var uppfært m.t.t. reglugerðar nr. 884/2017 um kröfur til olú- og lýsismannvirkja og eins var gerð breyting á aðferð til útreikninga á ryki í útblæstri og krafna til skila á umhverfisupplýsingum.

Dagskrá:

1. Olú- og lýsismannvirki, neyslu-, húsa- og lausageymar
2. Kröfur í starfsleyfi, staða fyrri frávíka og ábendinga.
 - a. frárennismál
 - b. útblástursmál
3. Áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
5. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir

1. Olú- og lýsisgeymar og niðurgrafnar lagnir

Tveir neyslugeymar eru í notkun við fiskimjölsverksmiðju Ísfélagsins FES, geymar nr. 1043 og 3520. Geymarnir eru notaðir undir litaða hráolíu fyrir tæki félagsins. Umhverfisstofnun safnar upplýsingum um geymana og verður þeim deilt með Heilbrigðiseftirliti Suðurlandssvæðis sem er ábyrgt fyrir skráningu og eftirliti með neyslugeymum.

Í mengunarvarnarþró félagsins við Strandveg 12 eru fjórir geymar, tveir lýsisgeymar og tveir olúgeymar. Allir fjórir geymarnir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Tvær lagnir eru niðurgrafnar. Það eru löndunarlögn fyrir olú og afgreiðslulögn fyrir lýsi. Báðar voru þrýstiprófaðar á árinu.

Rekstraraðili skal merkja (stensla) á lagnir og geyma fastanúmer þeirra sem verður notað til að halda utan um gögn sem berast, þ.e. skýrslur um botnþykktarmælingar geyma og þrýstiprófanir niðurgrafinna lagna.

2a. Kröfur í starfsleyfi

Enn er opin tvö frávik frá fyrri árum, vegna of mikillar fitu í frárennsli og vegna þess að niðurstöður mælinga í frárennsli sem gera á þegar makrílvertíð er í gangi er ólokið.

Í frárennismælingum síðustu ára hafa bæði COD og fita í frárennsli verið yfir losunarmörkum.

Hreinsivirki í frárennsli verksmiðjunnar virðist ekki ráða við hreinsun alls frárennslis þegar fiskimjölsverksmiðjan er í gangi og afskurði (aukaafurðum fiskvinnslu) frá frystihúsinu er dælt um kílómetra langa lögn yfir í bræðsluna.

Óskað verður eftir nýrri tímasettri úrbótaáætlun um hvernig losunarmörkum í frárennsli verður náð.

2b. Úrbætur í útblæstri fiskimjölsværksmiðjunnar

Ryk í útblæstri værksmiðjunnar hefur verið að mælast yfir losunarmörkum þegar niðurstöður mælinga hafa verið umreiknaðar að 3 % sýrefni. Í mars 2020 var starfsleyfinu breytt þannig að nú er heimilt að miða við 9% sýrefni í útblæstrinum. Nýir útreikningar á ryki í útblæstri katla sýna að værksmiðjan er nú undir losunarmörkum fyrir ryk í útblæstri og því er hægt að loka frávikinu. Rykstyrkur frá katli #1 er **82 mg/Nm³** en katli #2 er hann **62 mg/Nm³** þegar notuð er formúla sem leyfð er í breyttu starfsleyfi.

3. Kröfur í starfsleyfi

Farið var yfir kröfur starfsleyfisins. Áætlanir um frágang vegna rekstrarstöðvunar, hreingerningaáætlun og viðbragðsáætlun liggja fyrir. Skýrsla um TVN mælingar berst eftir hverja vertíð, mælingar í frárennsli berast árlega. Skýrsla um heildarlosun næringarefna í fráveitu (ákvæði í grein 5.1) er í vinnslu en enn á eftir að ljúka úrvinnslu gagna vegna makrílvertíðar. Mælingar í útblæstri hafa farið fram svo og hljóðmæling (hávaði). Skýrsla um notkun olíubrennara hefur borist. Grænt bókhald og útstremisbókhald berast árlega fyrir 1. maí.

Ýmsar skráningar á rekstrarþáttum skulu gerðar, s.s. viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði. Ekki eru gerðar athugasemdir við skráningar.

4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Við ákvörðun á tíðni eftirlits með starfsleyfi Ísfélags Vestmannaeyja FES var áhættumat unnið og fiskimjölsværksmiðjan fékk einkunnina 15 sem þýðir B og árlegt eftirlit. Við yfirferð á áhættumatinu virtist ljóst að rekstraraðili þarf að ná tókum á losun í frárennsli áður en áhættumatið getur lækkað. Áhættumatið verður endurskoðað fyrir næsta eftirlit.

4. Önnur mál, atvik, breytingar, mengunaróhöpp og kvartanir

Þann 12. ágúst 2020 varð mengunaróhapp. Loki í lekavarnarþró stóð opinn er unnið var við að hreinsa upp olíu sem komist hafði í þróna. Olíuhreinsi/dreifiefni hafði verið blandað við olíuna og því kom olíuskilja utan þróar ekki að gagni. Olían endaði í höfninni og starfsmenn hafnarinnar brugðust við og sprautuðu sápu á olíuflekkinn. Ekki er ráðlagt að nota sápu eða dreifiefni (felliefni) í höfnum eða annars staðar á grunnsævi því hætt er við að olían setjist á botn hafnarinnar og kæfi botndýralíf. Úrbætur rekstraraðila voru að yfirfara búnað olíumannvirkjana og verklagsreglur við tæmingu á þrónni.

Þann 24. nóvember 2020 varð óhapp er loki stóð opinn á bakborðs hlið Hákon EA 148 þegar löndun á síldarhrati hófst. Fljótlega var löndun stöðvuð og haft var samband við hafnafirvöld. Alls 4 – 5 m³ fór í höfnina. Bent er á að nýta frávikaskráningar við þjálfun starfsmanna og læra af óhöppum og „nærri því óhöppum“.

Engar kvartanir hafa borist á árinu vegna starfsemi fiskimjölsværksmiðjunnar.

ÁBENDINGAR

1. Ábending til rekstraraðila var gerð um að merkja geyma og lagnir með fastanúmerum svo betra sé að halda skikki á mælingum og gögnum sem um þá berast.

2. Bent er á að nýta frávikaskráningar við þjálfun starfsmanna og læra af óhöppum og „nærri því óhöppum“.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.06.2021



Gottskálk Friðgeirsson